

Nd.

225. Tillaga

til þingsályktunar um endurskoðun á vegalögunum.

Flutningsmenn: Sigurður Sigurðsson og Jóhann Eyjólfsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina:

1. Að endurskoða vegalögin, sjerstaklega með það fyrir augum, að breyta ákvæðum laganna um viðhald flutningabrauta og leggja fyrir næsta Alþingi — ef tími vinst til — nýtt frumvarp til vegalaga.
2. Að leita tekjustofna handa sýslunum til að standast kostnað við viðhald á sýsluvegum og flutningabrautum, að svo miklu leyti, sem viðhald flutningabrauta kemur til að hvíla á sýslufjelögunum, og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um það efni.